



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Nafn leikskóla

2019 – 2020



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans: „Að börnin njóti bernsku sinnar þar sem hugað er að vellíðan þeirra og öryggi“³

1	Greinargerð leikskólastjóra	3
2	Innra mat	4
2.1	Seljaland	4
2.2	Hlíðarhvammur.....	8
2.3	Merkisteinn	13
2.4	Lækjarhvammur	16
3	Umhverfismennt	18
4	Ytra mat	20
5	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	21
6	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	21
7	Foreldrasamvinna.....	22
	Í foreldraráði.....	22
	Foreldrasamtöl	22
	Foreldrafélag. Átta foreldrar eru í stjórn foreldrafélagsins.....	22
8	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	22
9	Fylgigögn.....	22
9.1	Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning.....	22
9.2	Fylgiskjal 2 – Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku	24
9.3	Fylgiskjal 3 – umsögn foreldraráðs.....	25



Leiðarljós leikskólans: „Að börnin njóti bernsku sinnar þar sem hugað er að vellíðan þeirra og öryggi“

1 Greinargerð leikskólastjóra

Í Álftaborg hefur verið mikill stöðugleiki og mannauður í starfsmannahópnum undanfarin ár. Skólinn var fullmannaður að hausti 2018, fyrir utan að vantaði eina stöðu í sérkennslu. Þrír starfsmenn fóru í langtímaveikindi á þessu skólaári.

Aðlögun allra barna gekk vel og var henni lokið í byrjun september. Verkefni vetrarins voru mörg, meðal annars lífsleikni, vinaverkefni Barnaheilla, fjölmening, bókaormurinn, umhverfismennt og K-pals. Í lífsleikninni var unnið markvisst með kurteisi, hugrekki, hófsemi og þolinmæði. Í fjölmeningunni var unnið með þjóðlönd þeirra barna sem eru innan skólans og var samvinna við foreldra um kynningu hvers lands. Í læsisverkefninu bókaormurinn voru teknar fyrir tvær bækur tvær bækur á eldri deildum „Einar Áskell og Milla“ og „Einar Áskell og Magni leynivínur“ eftir Gunnillu Bergström og ein bók á yngri deildum „Bína fer í leikskóla“ eftir Ásthildi B. J. Snorradóttur. Bækurnar voru tengdar við Vináttuverkefni Barnaheilla og dygðum leikskólans. Börnin fá bækurnar heim og foreldrar lesa fyrir þau og skrá síðan upplifun og frásögn barnanna í þar til gerða bók. Áfram var unnið með K-pals, það er ætlað elsta árganginum. K-pals eykur þjálfun hljóðkerfisvitundar og stafabekkingar. Í haust fórum við markvisst af stað með umhverfismennt. Markmiðið var að efla umhverfisvitund hjá börnum og fullorðnum, og auka trú barnanna á að þau geti haft áhrif á umhverfi sitt. Danskennsla var á eldri deildunum þetta leikskólaár. Á vordögum buðu börnin foreldrum sínu á skemmtun þar sem þau sýndu dans, leikrit og sungu nokkur lög.

Mikil hefð er fyrir vettvangsferðum í leikskólanum. Börnin kynnast borginni meðal annars í gegnum söfn, garða, vinnustaði foreldra og önnur fyrirtæki/ stofnanir. Unnið er úr ferðunum meðal annars með sögugerð og myndlist. Eftir áramót vann elsti árgangurinn verkefni sem unnið var út frá nýju menntastefnu Reykjavíkurborgar „Látum draumana rætast.“ Kennari skráði niður hugmyndir þeirra og framtíðardrauma og að lokum máluðu börnin sameiginlegar myndir. Einnig tóku elstu börnin þátt í Barnamenningarhátíð í Hörpu þar sem þau sungu ásamt fleiri leikskólabörnum lög eftir Jóhann G. Jóhannsson. Yndislegt var að hlusta og horfa á börnin, eitthvað sem enginn vill missa af.

Á þrettándanum var foreldrum boðið í árlegan morgunverð þar sem þeir og börnin kveðja jólin með okkur. Vel var mætt á opið hús sem var í maí og vöktu verk barnanna mikla athygli. Í vor útskrifuðum við 19 börn við hátíðlega athöfn þar sem þau sýndu foreldrum sínum m.a. frumsamið leikrit og dans. Einnig sungu börnin nokkur lög og að lokum fengu þau rós, kveðjuskjal og sögu- og verkefnabókina sína. Samstarf við Háaleitisskóla hefur verið gott og eflst ár frá ári.



2 Innra mat

2.1 Seljaland

Greinargerð frá deildarstjóra.



Í vetur voru 25 börn á Seljalandi, 19 börn fædd árið 2013 og 6 börn fædd árið 2014. Í upphafi vetrar voru haldnir lýðræðislegir fundir með börnunum þar sem þau tjáðu sig um hvað þau vildu gera í vetur og einnig hvaða reglur þau vildu hafa á deildinni. Hvert og eitt barn tjáði sig og kennari skráði niður hugmyndir þeirra sem unnið var úr. Elstu börnin voru í K-pals, þar sem unnið er í þörum, börnin læra hljóð

stafanna og að tengja þau saman og eru mörg barnanna orðin læs eftir veturinn. Áhugi barnanna skilar sér heim og foreldrar tala um hve áhugasöm börnin eru. Börnin lesa heima og við teljum að þau séu vel undirbúin fyrir komandi skólagöngu. Á deildunum eru allar hillur og hlutir merktir svo ritmálið sé vel sýnilegt börnunum.

Leikum og lærum með hljóðin: Í hverri viku lærðu öll börnin nýtt hljóð/ bókstaf. Við notum smáforrit í iPad, þar sem börnin hlusta og sjá stafinn. Einnig var unnið markvist með tölustafi, talnaskilning, stærðir og form ásamt því að vinna með vísindi.

Lífsleikni: Í vetur unnum við með kurteisi og hjálpsemi fyrir áramót og þolinmæði og hófsemi eftir áramótin. Þetta tvinnast inn í allt daglegt starf og skilar sér í samskiptum milli barnanna, sem okkur finnst mesti ávinningurinn. Hver deild á dygðardýr sem fer heim með börnunum í helgarfrí. Með dygðardýrinu fylgir bók þar sem foreldrar skrá upplifun og frásögn barnsins. Við vinnum með vinaverkefnið „Vinátta“ frá Barnaheillum, þar er bangsinn Blær í aðalhlutverki. Það voru sérstakar vinastundir og vinfundur, þar sem var rætt um einelti og vinátta. Við skoðuðum myndaspjöld með ýmsum félagslegum aðstæðum þar sem börnin finna lausnir á vandanum t.d. hvernig geta hin börnin hjálpað þeim sem líður illa/ er verið að stríða o.fl. Þau læra að hjálpa hvert öðru og þeim sem líður illa/ verið er að stríða, að vera ekki þegjandi áhorfandi heldur að grípa inn í eða sækja hjálp. Börnin öðlast öryggi í að tjá sig í hópnum. Blær er alltaf með í þessum stundum og við vinnum einnig með snertingu, börnin nudda hvert annað meðan kennarinn les sérstakar nuddsögur.

Börnin skiptast á að koma með bók í leikskólann. Þegar bókabarnsmiðinn er settur á hólfið þá fær barnið að koma með bók daginn eftir.

Borgarbókasafn Kringlunnar: Við förum reglulega í sögustund til Rutar í Borgarbókasafninu. Þar læra börnin að umgangast bækurnar og bera virðingu fyrir þeim.

Sögugrunnur: Börnin unnu í hópum, völdu sér myndir og sögðu sögu sem kennarinn skráði. Þau þjálfast vel í að tjá sig í hópnum, koma hugsunum í orð og setningar.

Framsalur: Þar eru vikulega skipulagðir íþróttatímar undir leiðsögn kennara. Börnin fara í hópum í krakkajóga og varð sýnlegur árangur af þessum stundum í hegðun barnanna. Þau lærðu að vera róleg, einbeita sér og nutu stundanna vel. Einnig var danskennsla í vetur sem



endaði með því að börnin buðu foreldrum sínum á dans- og leiksýningu.

Vettvangsferðir voru margar hjá báðum árgöngum. Við förum í ferðirnar til þess að víkka sjóndeildarhring barnanna, þau læra á umhverfið og sjá ýmsa vinnustaði. Þau læra umferðarreglur og að fara eftir þeim. Eftir ferðina segja börnin frá sínum upplifunum sem skráð er í bók sem börnin fá að loknu vetrarstarfinu.

Mikið er unnið með lýðræði á deildinni. Haldnir eru fundir um ýmis mál þar sem börnin fá öll að tjá sig, kosið er um mál og atkvæði talin og komist er að samkomulagi.

Elstu börnin tóku þátt í Barnamenningarhátíðinni og var það mikil og skemmtileg vinna.

Sungin voru lög sem við kunnum ekki áður og fór mikil vinna í að útskýra orð og texta og við unnum ýmiss verkefni tengd lögum.

Mikið og gott samstarf er við grunnskóla hverfisins. Elstu börn leikskólans heimsækja skólann mörgum sinnum yfir veturinn t.d. tekur aðstoðarskólastjórinn tvisvar sinnum á móti okkur og sýnir okkur skólann, börnunum er boðið í hádegismat, þau fara í val tíma með 1. bekk, íþróttatíma með 1. bekk og unglingastigi, aðventuhátíð og Háaleitisleika, ásamt því að við leikum með þeim í frímínútum. Skólabörnin heimsækja okkur líka. Við skiptumst á jólakortum og syngjum saman, þau koma og leika með okkur og við bjóðum þeim í mat. Við teljum að allt þetta hjálpi til þegar barnið hefur grunnskólagöngu að hausti – þau er orðin öruggari með sig, þekkja kennarana og skólaumhverfið.

Alla daga er frjáls leikur hjá börnunum, bæði úti og inni. Kennari er á svæðunum sem fylgist með, grípur inn og leiðbeinir eftir þörfum.

Við teljum okkur vinna faglegt og gott starf með börnunum þar sem þeirra vellíðan og þroski er í fyrirrúmi. Við erum sveigjanleg með skipulagið eins og nauðsynlegt er í leiksólastarfi og við erum í miklu og góðu samstarfi/ samskiptum við foreldra barnanna. Elstu börnin semja alltaf leikrit fyrir útskriftina sína og í vetur fjallaði leikritið að mestu um samskipti og vináttu. Það var gaman að sjá hve mikið börnin hafa lært og tileinkað sér góð samskipti hvert við annað.

Við völdum bækur til að vinna með í vetur, en sú vinna var ekki nógu markviss og datt mikið upp fyrir. Í haust vorum við dugleg að vera í útinámi en það fjaraði einhvern veginn út. Við erum ákveðin í að vinna markvisst með útinám næsta vetur.

Umbótaþættir sem lagt var upp með fyrir skólaárið 2018-

2019 voru: Að leita leiða til að fá fram raddir barna sem ekki

hafa færni í íslensku til að tjá sig, taka upp markvissar skráningar á námi barna, leggja meiri áherslu á ferlið frekar en afurðina í listsköpun og að samræma viðbrögð við krefjandi hegðun barna. Tjáning barnanna hefur aukist bæði í litlum sem og stærri hópum. Öll börn á deildinni tóku þátt í leikritum sem sýnd voru fyrir foreldra í maí og stóðu sig með þryði. Skráningar á námi barnanna voru að mestu gerðar með myndum en erfitt var að deila þeim með foreldrum þar sem við máttum ekki notast við Facebook-hópa sem notaðir höfðu verið en heimasíða skólans var ekki tilbúin. Ferlið í listsköpun hefur fengið meiri tíma og börnin fá nægan tíma í listsköpun. Okkur hefur gengið betur með að samræma viðbrögð við krefjandi



hegðun barna og sjáum við jákvæðar breytingar hjá þeim börnum sem þurftu á því að halda. Fyrir skólaárið 2019-2020 munum við leggja áherslu á frjálsa leikinn, sjálfbærni barnsins, halda áfram með að raddir barnanna heyrast og heilbrigði líkt og sjá má í töflunni hér fyrir neðan.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Ytra mat						
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Frjáls leikur	Ýta undir þátttöku barnanna. Æfa samskipti og sjálfsöryggi einstaklingsins. Kenna börnunum að leysa ágreining sem upp kemur.	Börnin halda áfram að ákveða hvað er í boði í vali, gefa meiri tíma fyrir frjálsa leikinn, vera dugleg að nota listaskálann, hornið og salinn/kubba svæði	Ágúst 2019-maí 2020	Allir starfsmenn deildarinnar	Maí 2020 Skráum hverjir eru að ákveða valið, skrá hvað börnin velja, skrá hversu mikinn tíma þau fengu í frjálsum leik, skrá hvernig nýtingin var á svæðunum	Að börnin hafi öðlast meira sjálfsöryggi, samskiptin séu góð.
Sjálfbærni barnsins	Að börnin geti gert flest allt sjálf, svo sem	Hvetja þau í að reyna að	Ágúst 2019-maí 2020	Allir starfsmenn deildarinnar	Maí 2020	Að börnin séu orðin



	klæða sig í og úr og ganga frá eftir sig í fataklefanum, sjálfstæð á klósettinu, kunna að leggja á borð, skammta sér sjálf á diskana, ýta stólnum að borðinu, tína rusl úti í garði.	gera sjálf, styrkja þau og hrósa þeim, láta þjónana leggja á borð.			Geta börnin gert allt þetta sjálf?	sjálfbjarga og sjálfstæð.
Halda áfram með að raddir barnanna heyrist	Að öll börnin geti tjáð sig jafnt í fámennum sem og fjölmennum hópum og fái tækifæri til þess að tjá sig	Koma með hlut að heiman og segja frá honum, segja frá vettvangsferðum, taka þau upp í samveru og syngja saman, tala saman um hvaða lag eigi að syngja næst	Ágúst 2019 – maí 2020	Allir starfsmenn	Desember 2019 og aftur í maí 2020 Hverjir eru búnir að koma með hlut að heiman? Erum við að syngja á hverjum degi?	Geta öll börnin tjáð sig í hóp eða fyrir framan aðra.
Heilbrigði	Stuðla að almennu heilbrigði barnanna, ýta undir þeirra þekkingu á heilbrigði, hreyfistund á hverjum degi	Hreyfistund á hverjum degi (dans, jóga, þrautabrautir, ofl.), tala við börnin um hvað er hollt og óhollt fyrir líkamann (í	Ágúst 2019 – maí 2020	Allir starfsmenn	Desember 2019 og aftur í maí 2020 Taka allir þátt í hreyfistundum, þekkja börnin líkama sinn, vita börnin	Danssýning, hvernig er geta þeirra í hreyfistundum, geta þau sagt frá eigin líkama



		<p>Samverustun- dum, við matarborðið, þegar að færi gefst)</p>			<p>hvað er hollt fyrir líkamann?</p>	
--	--	--	--	--	--	--

2.2 Hlíðarhvammur Greinargerð deildarstjóra.

Á Hlíðarhvammi voru 14 börn fædd 2014 og 8 börn fædd 2015. Deildin hefur yngst töluvert frá síðasta ári og þess vegna hefur starf deildarinnar verið endurskoðað og tekið mið af aldri núverandi barna.


Málörvun: Í vetur vorum við að vinna með tölustafi, talnastærðir, form og þyngd. Við unnum með forritið „Lærum og leikum með hljóðin“ þar sem börnin hlusta á, sjá og kynnast stöfunum. Áhuginn á að skoða stafina hefur aukist jafnt og þétt yfir árið. Deildin er búin að merkja nánast alla hluti þannig að ritmálið er sýnilegt. Unnið hefur verið með rím og klappa atkvæði í nöfnum barnanna. Börnin þjálfast í að tjá sig í hópnum, koma hugsunum í orð og setningar. Í hverjum mánuði leggjum við áherslu á að börnin læri ljóð/þulu mánaðarins. Frá áramótum hafa börnin samið eitt ljóð á mánuði.

Vettvangsferðir: Við förum í margar vettvangsferðir. Við náðum að samtvinna þessar ferðir meðal annars við hákarla þemað sem börnin völdu sér að vinna með. Vettvangsferðirnar eru notaðar til að víkka sjóndeildarhring barnanna, þau læra á umhverfið, umferðarreglur og að fara eftir þeim. Einnig þurfa þau að halda hópinn. Í lok skólaársins fá börnin með sér heim bók með sögum sem þau hafa búið til eftir vettvangsferðir.

Sögugrunnur: Í vetur höfum við unnið með Sögugrunn. Námsefnið er mjög skemmtilegt og býður upp á ýmsa möguleika. Börnin hafa samið sínar eigin sögur og velja sér gjarnan myndir og segja stuttar sögur.

Borgarbókasafn Kringlunnar: Við förum reglulega í sögustund til Rutar á Borgarbókasafninu. Þar læra börnin að umgangast bækur og bera virðingu fyrir þeim.

Íslenskukennsla: Íslenskukennsla er daglega fyrir tvítyngd börn. Þau eru tekin út af deildinni og fá tíma með sérkennara leikskólans en einnig reynum við að taka börnin aukalega eftir hádegismat inni á deild. Við byrjuðum líka að nota „Gefðu 10“, regluna. Börn af erlendum uppruna fá þá að minnsta kosti 10 mínútna jákvæð samskipti við kennara á deildinni. Á deildinni eru mörg börn sem eru ekki alveg búin að ná „R“ hljóðinu, þess vegna voru myndaðir hópar fyrir þau börn og fá þau auka tíma með kennurum deildarinnar til að æfa og læra hljóð.



Tónlist: Tónlistin er byggð á stefnu sem heitir Willems. Edger Willems var franskur sálfræðingur, honum fannst tónlistin svo leiðinleg í skólanum hjá börnunum sínum að hann bjó til sína eigin stefnu. Hún er byggð á mikilli rytma þjálfun, söng, og dansi. Í lok hvers tíma fá börnin að spila sjálf á hljóðfæri og syngja. Þau fá tónlist aðra hvora viku, þar sem þau eru saman í 8 manna hópum.

Myndlist: Börnin kynntust ýmsum aðferðum í myndlist og nutu sín vel við að skapa ýmislegt þar sem áherslan er á ferlið en ekki útkomuna. Við notuðum mikið endurunnið efni, þar sem við vorum markvisst að vinna með umhverfisvitund.

Umhverfismál: Börnin voru mjög áhugasöm um umhverfismál. Við náðum að kynna þetta hugtak vel og tengja við flest verkefni sem við unnum í vetur. Október var mánuður umhverfisvitundar hjá okkur á Hlíðarhvammi. Kennarar og börn deildarinnar unnu saman að því að efla umhverfisvitund á margvíslegan hátt. Það er alltaf jafn yndislegt að sjá hversu áhugasöm og opin börn eru fyrir að takast á við ný verkefni og þau verkefni sem unnin voru í tengslum við umhverfisvitund voru engin undantekning. Börnin örkuðu áhugasöm um hverfið í leit að rusli til að tína. Markmið þeirra með ruslatínslunni var að stuðla að hreinna og betra umhverfi fyrir alla sem að því koma. Inni á deild voru samverustundir oft nýttar í að ræða mikilvægi þess að huga að umhverfi okkar svo við mannfólkið, jörðin sem við búum á og aðrar lífverur hennar gætu lifað öruggu og heilbrigðu lífi. Til að sýna börnunum í verki hvað úrgangur gerir náttúrunni negldum við einnota bleyju, hýði af appelsínu, pappír, harðplast og mjúklplast á spýtu. Spýtan var svo færð á sérstakan stað í garðinum okkar og er deildin að fylgjast með því hversu hratt þetta brotnar niður. Að lokum bjuggu börnin til í sameiningu með kennurum ruslakall er fékk nafnið Frossi.



Lýðræði: Við hlustuðum á óskir þeirra í frjálsum leik og var kosið um hvaða þema skyldi unnið með eftir áramót.



Hreyfing: Vikulegir íþróttatímar voru í Framheimilinu. Þetta voru skipulagðar íþróttastundir. Börnin fóru í krakkajóga og varð sýnilegur árangur á hegðun

baranna, þau lærðu að vera róleg og einbeita sér í þessum stundum og nutu þeirra vel. Útivera var alla daga þegar veður leyfði. Á haustönninni var útinám þar sem börnin fóru í hópum út af skólalóðinni og unnu ýmiss verkefni. Börnin ljómuðu og nutu sín vel í þessum stundum.

Vísindi: Ýmsar tilraunir voru gerðar með fjölbreyttum efnivið s.s. hveiti, sápu, matarsóða, matarlit, ediki o.fl. Börnin læra mikið af því að gera tilraunir og sjá hvað gerist.

Lífsleikni: Í vetur unnum við með þolinmæði og hófsemi fyrir áramót. Eftir áramót var unnið með hjálpsemi og kurteisi. Þetta tvinnast inn í allt daglegt starf og skilar sér í samskiptum milli barnanna sem okkur finnst vera mesti ávinningurinn.



Dygðardýr: Hver deild á dygðardýr sem fer heim með börnunum í helgarfrí. Með dygðardýrinu fylgir bók þar sem foreldrar skrá upplifun og frásögn barnsins.

Stóra val: Á föstudögum er svokallað stóra val. Börnin á deildinni buðu börnum af yngri deildum leikskólans.

Fjölmennning: Við unnum með þjóðerni barnanna sem eru á deildinni, Ísland, Pólland og Víetnam. Börnin fengu innsýn í menningu þessara landa. Lærðu söngva, dansa o.fl.

Þema: Fyrir áramót þá unnum við með snjó og klaka. Gerðum tilraunir og prófuðum okkur áfram með orsök og afleiðingu. Hákarlaþema sem börnin völdu var unnið eftir áramót. Við lásum allt sem við fundum um hákarla, fórum í ferðir í leit að hákørlum og börnin endursköpuðu sína eigin hákarla í tröllaleir. Foreldrar komu með hákarlafréttir að heiman, gamlar sem nýjar og út frá þeim bjuggum við til fréttablað, lituðum myndir og föndruðum.

Bangsinn Blær: Við unnum með vinaverkefnið „Vinátta“ frá Barnaheillum, þar er bangsinn Blær er í aðalhlutverki. Í vinafundum og vinastundum var rætt um einelti og vináttu. Við skoðuðum myndaspjöld með ýmsum félagslegum aðstæðum þar sem börnin finna lausnir á vandanum t.d. hvernig geta hin börnin hjálpað þeim sem líður illa / verið er að stríða o.fl. Þau læra að hjálpa hvert öðru og þeim sem líður illa / verið er að stríða, að vera ekki þegjandi áhorfandi heldur að grípa inn í eða sækja hjálp. Börnin öðlast öryggi í að tjá sig í hópnum. Blær er alltaf með í þessum stundum og við vinnum einnig með snertingu, þá nudda börnin hvert annað meðan kennarinn les sérstakar nuddsögur.

Sögubók: Í vetur var unnið með Einar Áskel og Millu eftir Gunilla Bergstöm. Börnin skiptast á að fara heim með bókina þar sem hún var lesin og skráð var í meðfylgjandi bók það sem börnin sögðu um söguna. Þetta tengir saman heimili og skóla. Börnin skiptast á að koma með bók í leikskólann. Þegar bókabarnsmiðinn er settur á hólfíð þá fær barnið að koma með bók daginn eftir.

Frjáls leikur: Alla daga er frjáls leikur hjá börnunum, bæði úti og inni. Það er kennari á svæðunum og hann flygist með börnunum með vellíðan og þroska þeirra í fyrirrúmi. Við erum sveigjanleg með skipulagið eins og nauðsynlegt er í leikskólastarfi.



Helstu styrkleikar deildarinnar: Góður tími er gefinn daglega fyrir frjálsan leik. Úthald, einbeiting og samskipti þeirra á milli urðu meiri og betri. Mikill áhugi og ánægja var með vináttuverkefnið Blær sem við tókum inn haustið 2017. Börnin eru færari í að leysa

ágreining og sýna meiri samkennd. Að lokum má nefna íslenskukennslu tvítyngdra barna. Unnið hefur verið markvisst með börnin sem gerir þau m.a. félagslega sterkari og eykur skilning og tjáningu þeirra. Við bættum okkur mikið í umhverfismennt og áhugi barnanna jókst mikið.

Áherslupættir seinustu umbótaráætlunar voru: Að börnin hefðu áhrif á starfið, stuðla að málþroska barnanna auka sköpun og notkun á fjölbreyttum efnivið. Einnig að auka hrós til barnanna. Allir þættirnir gengu mjög vel eins og sjá má í stuttu greinagerðinni hér að ofan. Haldnir voru lýðræðislegir fundir og kosningar með börnunum, þau völdu hvað ætti að gera í



daglegu starfi og hvaða þema væri tekið fyrir. Við söfnuðum verðlausu efni á deildina og komu börnin með umbúðir og dósir að heiman sem við svo lékum okkur með og bjuggum til eitthvað skemmtilegt úr. Einnig voru verðlausir hlutir notaðir í skapandi starf og listir. Passað var að hrósa börnunum eins vel og hægt var og sjálfsmynd þeirra efla, en það er alltaf hægt að gera betur í þeim málum. Aldrei er börnum of oft hrósað. Unnið verður áfram með ofangreinda þætti næsta leikskólaár og þeir festir enn betur í sessi.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Ytra mat						
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Vinna markvisst að málumhverfi sem stuðlar að málþroska barnanna.	Efla læsi barna	Hafa heiti hluta sýnilegt. Eins og nöfn barnanna og ýmsa hluti sem eru á deildinni (eins og borð, stóll o.s.fr.)	Haust 2019	Natalia ber ábyrgð. Allir á deildinni bera ábyrgð á framkvæmd.	Vor 2020. Fundir hjá starfsmönnum.	Að börnin hafi öðlast aukna færni í málnotkun með hjálp frá ritmáli í umhverfinu
Að börnin hafi áhrif á starfið.	Að rödd barnanna heyrst og þeirra áhugasvið endurspeglar í starfi.	Auka umræður um starfið með börnunum og virða hugmyndir þeirra. Nota þemavinnu þar sem þau	Haust 2019	Natalia ber ábyrgð. Allir á deildinni bera ábyrgð á framkvæmd.	Vor 2020. Fundir hjá starfsmönnum.	Að umræður um starfið með börnunum hafi aukist og hugmyndir þeirra séu virtar.



		velja sjálf þemað.				
Sjálfsfelling.	Sjálfsfelling felur í sér að barnið öðlist trú á eigin getu. Læri að þekkja styrk- og veikleika sína	Styrkja sjálfsmynd barnanna og auka trú þeirra á eigin getu. Virkja börn í leik og starfi. Virkja þau einnig í sjálfshjálp og þau geti notið sín í því sem þau eru að gera.	Haust 2019	Natalia ber ábyrgð. Allir á deildinni bera ábyrgð á framkvæmd.	Vor 2020. Fundir hjá starfsmönnum.	Að börnin geti haft góð og jákvæð samskipti við alla í kringum sig. Að börn geti staðið á sínu og eigi auðveldara með að setja sig í spor annarra.
Auka hrós til barnanna og nota ígrunduð hrós.	Að börn þurfi ekki að leita eftir hrósi.	Hrósa börnunum í aðstæðunum .	Haust 2019	Natalia ber ábyrgð. Allir á deildinni bera ábyrgð á framkvæmd.	Fundir hjá starfsmönnum, samtöl við börnin um hrós og hvernig þau upplifi það.	Að börnin séu farin að hrósa og geti tekið hrósi hvort frá öðru.
Auka skipulagða tíma í útikennslu með skráningu.	Að börnin læri betur um náttúrunna og umhverfið.	Hafa fund með börnunum um það sem við ætlum að vinna með.	Haust 2019	Allir á deildinni	Fundir hjá starfsmönnum samtöl við börnin um hvernig þau upplifi það. ar.Skráning	Að börnin læri að virða náttúrunna,
Auka jóga tímar	Að börnin læri að vera róleg og einbeita sér í þessum stundum.				Fleiri starfsmenn taka geta halda jóga stundir	



2.3 Merkisteinn

Greinargerð deildarstjóra



Merkisteinn er önnur yngri deild skólans og voru 19 börn þetta skólaár. Við skiptum börnunum í 4 hópa, Gulur og Rauður hópur voru fyrir eldri börnin og Grænn og Blár fyrir yngri börnin. Við unnum með Blæ – vináttuverkefni á vegum Barnaheilla, jóga, könnunarleik, málörvun, fín- og grófhreyfingar, tónlist, lífsleikni, myndlist, liti og tölustafi. Framsalurinn (hreyfing) og Kringlubókasafn. Eldri börnin völdu bækur af bókasafninu með kennurunum og fengu lánaðar í leikskólann, margar af þeim bókum voru svo lesnar í sögustundum. Kennarar skiptast á að vera með hvern hóp og viðfangsefni, svo kennarar kynnist hverju barni, styrkleika og veikleika þeirra og einnig að börnin njóti styrkleika hvers kennara.

Við höfum verið dugleg að syngja allskyns lög með handahreyfingum svo að öll börnin geti tekið virkan þátt í samverum. Töluvert er um endurtekningar á lögum til þess að börnin læri þau. Börnin eru dugleg að stinga upp á lögum til að syngja.

Í samverustundum á hverjum morgni voru valdir tveir þjónar dagsins. Þeir aðstoðuðu við að leggja á borð og bjóða til borðs. Í samverustundum buðu þjónarnir börnunum upp á ávexti og við kenndum þeim kurteisi með því að segja „gjörðu svo vel“ þegar þau réttu ávextina og börnin sem tóku við sögðu „takk fyrir“. Einnig fengu þjónarnir það hlutverk að vera veðurfræðingar, þá kíktu þeir út um gluggann og sögðu okkur hvernig veðrið var og komu með uppástungu um hvernig best væri að klæða sig fyrir útiveruna þann dag. Við nýttum samverustundirnar einnig í framsögn, þar sem börnin voru hvött til þess að koma fram og segja frá einhverju, dansa, syngja eða hvað sem þeim datt í hug. Með þessu eflum við sjálfstraust þeirra og einnig æfðust áhorfendur í að hlusta, hafa hljóð og fylgjast með þeim sem voru með framsögnina.

Við vorum dugleg að hvetja börnin til þess að klæða sig sjálf, vera sjálfstæð og biðja um hjálp þegar þau þurftu aðstoð.

Dagskipulag deildarinnar er sýnilegt börnum með boardmaker myndum. Þau geta þá séð hvað gerist eftir útiveru, eftir mat og þess háttar.

Dyggðardýrið okkar á Merkisteini heitir Lukka og tengist lífsleiknikennslunni. Lukka skiptist á að fara heim með börnunum um helgar og fékk að fylgjast með þeim í því sem þau gera.

Foreldrar skrifuðu síðan í meðfylgjandi bók, það sem börnin gerðu með Lukku. Sumir tóku jafnvel myndir af barninu með henni og límdu í bókina. Með þessum hætti eflast tengsl heimilis og skóla og gefst foreldrum og barni kostur á að ræða um og upplifa dygðina saman. Foreldrar



hafa haft á orði hversu áhugasöm og spennt börnin eru með þetta verkefni og að fá að vera með dygðardýrið yfir helgina. Á mánudögum lásum við upp úr bókinni í samverustund og fékk barnið þá að standa við hlið kennarans með Lukku í fanginu á meðan. Barnið sýndi svo hinum börnunum myndir sínar í bókinni.

Í hverri viku vorum við með „Stjörnu vikunnar“. Þá er eitt barn nefnt „stjarna vikunnar“, það barn kom með myndir að heiman. Myndunum var svo raðað á veggspjald og fyrir neðan hverja mynd var lýsing á myndinni með orðum barnsins. Veggspjaldið var svo hengt upp á hurð deildarinnar svo allir gætu séð. Á föstudögum fékk barnið að koma með eitt leikfang að heiman, sýna hinum börnunum og segir frá.

Þetta skólaár unnum við með bókina Bína fer í leikskóla eftir Ásthildi Bj. Snorradóttur.

Dygðirnar sem fylgdu bókinni voru kurteisi og hjálpsæmi. Bókin fór heim með einu barni í senn þar sem foreldrar voru hvattir til að lesa bókina með börnunum og ræða innihaldið.

Með bókinni fylgdi stílabók sem foreldrar skrifuðu viðbrögð barnanna í.

Umbótaþáttum sem lagt var upp með fyrir skólaárið 2018-2019 var fylgt eftir en þeir voru að; bæta aðgengi að skapandi efnivið, að börnin hafi meiri áhrif á skipulagðar stundir, æfa framsögn barnanna og gera skráningar sýnilegri. Við munum halda áfram með þessu þætti á næsta skólaári og festa þá enn betur í sessi. Fyrir skólaárið 2019 – 2020 verða umbótaþættirnir eins og sjá má í töflunni hér að neðan; Fjölmening, þemavinna þar sem raddir barnanna hafa mikil áhrif á vinnuna, sjálfsefning og þulur og rím.



Umbótaþættir Ytra mat	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.



Fjölmening	Að kynnst þjóðerni þeirra sem eru á deildinni – barna og starfsmanna.	Með því að kynna hvert land fyrir sig inni á deild. Hafa fána landanna upp á vegg og læra tölustafi og að bjóða góðan daginn á hverju tungumáli.	Sept 2019 til maí 2020	Athina og Gulmira	Metið yfir önnina á deildarfundu m. Lokamat í maí 2020. Hvað má gera betur og hvernig börnin tóku við fræðslunni.	Fylgjast með áhuga barnanna. Taka eftir hvort börnin þekki fánana og geti sagt góðan daginn á nokkrum tungumálum
Þemavinna	Vinna meira með val barna. Að þau hafi meira að segja um hvað við vinnum með.	Rætt við börnin og þau spurð hvað þau vilji vinna með eða kynnst betur. Eins og t.d. vita meira um risaeðlur eða blóm.	Okt 2019 – maí 2020	Rannveig ber ábyrgð, allir starfsmenn framkvæma.	Metið yfir önnina á deildarfundu m. Lokamat í maí 2020 með því að sjá afrakstur þemavinnunnar.	Hvernig bregðast foreldrar og börn við verkefninu.
Sjálfsþing	Vinna með sjálfið. Að börn læri að þekkja sjálfa sig.	Börnin skoða sig í spegli, átta sig á að þau eru með tvö augu, tvö eru, eitt nef og svo framvegis. Reyna að fá þau til að átta sig á hverju þau eru góð í og að við erum ekki öll eins.	Veturinn 2019 til 2020	Katrín er ábyrgðaraðili. Allir starfsmenn framkvæma.	Metið yfir önnina á deildarfundu m. Lokamat í maí 2020.	Hvernig hefur tekist að framkvæma og hvernig hafa börnin upplifað verkefnið. Eru þau að átta sig á sjálfu sér.



Þulur og rím	Kynna börnum fyrir þulum og rími.	Fara með stuttar þulur og rím í samverustundum.	Veturinn 2019- 2020	Rannveig	Metið yfir önnina á deildarfundu m. Lokamat í maí 2020.	Metið með því að sjá hvort að börnin kunni nokkrar þulur og viti hvernig nokkur orð ríma.
---------------------	-----------------------------------	---	---------------------	----------	---	---

2.4 Lækjarhvammur

Greinargerð deildarstjóra

Börn fædd 2015 og 2016

Við vorum með fjóra hópa í hópastarfi síðasta vetur. Börnunum var skipt eftir aldri. Við voru með tvo elstu hópana í hópastarfinu fyrir hádegi ásamt útiveru og yngri hóparnir tveir voru í útiveru fyrir hádegi og í hópastarfi eftir síðdegis hressingu.



Börnin taka mikinn þátt í daglegum störfum á deildinni, velja sönglög, leikföng, ná í matarvagn o.fl. Við höfum einnig nýtt endurnýtanlegan efnivið í listsköpun. Lestrar og sögustundir höfum við á hverjum degi og börnin hafa aðgang að bókakössum sem eru í þeirra hæð á deildinni. Við höfum fasta heimsóknartíma í bókasafnið yfir veturinn og börnin fá að velja bækur sem við fáum að láni. Við tölum mikið við börnin og setjum orð á alla hluti og athafnir, syngjum og æfum okkur í rími. Ritmálið er sýnilegt, stafrófið og tölustafirnir og skúffur barnanna eru merktar með myndum af þeim og nöfnum. Í fjölmeningunni vinnum við með lönd allra barnanna á deildinni. Í vetur voru börn á deildinni frá 8 löndum og uppi á vegg eru löndin, myndir af börnunum, nöfn þeirra og nöfn landanna. Börnin komu með hluti frá sínu heimalandi og sýndu okkur. Við erum vináttuleikskóli, vinnum með bangsann Blæ og vini hans. Þetta er forvarnarverkefni gegn einelti á vegum Barnaheilla. Börnin læra um vináttu, umburðarlyndi, virðingu, hugrekki og að lesa í tilfinningar annarra. Börnin eru hvött til að tjá líðan sína og tilfinningar. Til að styrkja sjálfstraust barnanna hvetjum við þau til að koma fram í samverustundum, syngja, segja sögur o.fl. „Stjarna vikunnar“ kemur með myndir og dót að heiman og segir okkur frá. Í lífsleikninni vinnum við með dygðir, tvær á hverri önn. Við veljum sönglög og bækur þar sem dygðirnar fléttast inn í. Ljúfur api, dygðadýr deildarinnar, fer til skiptis heim í helgarfrí með börnunum og foreldrar skrá niður það sem þau gerðu saman. Foreldrar hafa haft á orði hversu áhugasöm og spennt börnin eru með þetta verkefni og að fá að vera með dygðardýrið yfir helgina. Jóga fyrir elstu börnin er 1 sinni í viku og við höfum aðgang að Íþróttasal Fram og þangað förum við 1 sinni í viku með

elstu börn og gerum æfingar og leikum okkur. Yngstu börnin fara í könnunarleik í hópastarfinu, efniviðurinn í leiknum er ekki leikföng í eiginlegum skilningi, heldur verðlaust efni. Fínhræfingar æfum við reglulega, perlum, klippum og púslum. Börnin hafa mikinn áhuga á ræktun. Í apríl settu þau í mold basiliku- og gulrótarfræ og fylgdust spennt með uppskerunni.



Næst á dagskrá hjá deildinni er að nota „hverfisgarðinn“ okkar til útináms og höfum við verið að undirbúa það og byrjum nú í júní.

Þeir umbótarþættir sem lagt var upp með fyrir þetta leikskólaár voru: Að bæta aðgengi að skapandi efnivið, meta hvort lýðræði, sjálfbærni, læsi og sköpun endurspegluðust í daglegu starfi. Þessir þættir tókust vel. Listaskálanum var breytt þannig að börnin hafa núna auðveldara aðgengi að efniviðnum og hann er mjög sýnilegur. Börnin taka mikinn þátt í daglegum störfum á deildinni, þau velja bækur í bókasafninu, velja sönglög, leikföng o.fl. Í umhverfismennt gerðum við m.a. hús úr pappakassa sem öll börnin máluðu og skreyttu með endurnýtanlegum efnivið. Inni í húsinu voru 2 kassar, annar fyrir plast og hinn fyrir pappír. Við tölum mikið við börnin og setjum orð á alla hluti og athafnir, syngjum mikið og æfum okkur í rími. Ritmálið er sýnilegt. Lestrar og sögustundir höfum við á hverjum degi. Unnið verður enn frekar með þessa þætti næsta leikskólaár þannig að þeir festist betur í sessi.


Umbótaþættir Ytra mat	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Sjálfsþing - þróunarverkefni	Að barnið öðlist trú á eigin getu, þekki styrkleika og veikleika sína.	Handbók verður gefin út með hugmyndum allra starfsmanna.	Apríl 2019 til maí 2020.	Allir starfsmenn.	Nokkrum sinnum yfir veturinn höfum við fundi með börnum og starfsfólki.	Að börnin öðlist meiri sjálfstraust og sterkari sjálfsmynd.



Útikennsla	Að börnin fái meiri skilning á umhverfinu og náttúrunni	Förum í vettvangsferðir og notum garðinn okkar meira til kennslu	Maí 2019- maí 2020	Allir starfsmenn	Hafa fundi með börnunum og athuga hvað þau vilji læra	Að börnin hafi lært að bera virðingu fyrir umhverfinu og náttúrunni
Að börnin læri þulur og rím og auki orðaforða	Að efla málskilning barnanna og færni í að ríma	Kennum rím og þulur í samverustundum og smærri hópum	Október/nóv 2019 til maí 2020	Allir starfsmenn	Að börnin komi fram og sýni það sem þau hafa lært	Að yngstu börn hafi lært 1 þulu og eldri 2

3 Umhverfismennt

Í byrjun skólaárs 2018-2019 var ákveðið að gefa umhverfismennt meira vægi í starfinu. Markmiðið var að efla umhverfisvitund hjá börnum og fullorðnum og auka trú barnanna á að þau geti haft áhrif á umhverfið sitt. Kynning á verkefninu fór fram á foreldrafundi í október. Lagt var upp með að allt sorp væri flokkað og sem minnst færi í almennt sorp. Annan hvern mánuð voru send út fréttabréf til foreldra, þar sem markmið mánaðarins voru kynnt t.d minnka einnota plast, auka fjölbreytni í endurnýtanlegum efniviði og minnka matarsóun. Í



fréttablaðinu var m.a fjallað um ýmsa umhverfisþætti og hvaða áhrif þeir hafa á líf okkar og vellíðan. Tæpt var á hugtökum eins og vistspor, kolefnisspor, matarsóun, kolefnisjöfnun og plasmengun o.fl, ásamt leiðum til að minnka sporin sín. Einnig var fjallað um hvað deildirnar voru að gera hverju sinni, í máli og myndum. Í þessari vinnu var stuðst við bókina „Verum græn ferðalag til sjálfbærni.“

Í lok skólaárs var send út könnun til starfsmanna og tekin voru viðtöl við börnin í elsta árgangi. Að þessu sinni var ekki formleg könnun til foreldra en í samtölum við þá fengum við endurgjöf á að umhverfisvitund barnanna hefði eflst. Þau voru eins og litlar „löggur“ heima og fylgdust með að flokkað væri rétt. Börnin voru líka dugleg að fá foreldrana með sér út og plokka.

Niðurstöður könnunar

Meirihluti stafsmanna taldi að vel hefði gengið að minnka plastnotkun og væri sýnilegur munur þar á. Mikið minna væri um einnota plastpoka í leikskólanum. Mikill meirihluti sagði



að viðhorf sitt til umhverfismála hefði breyst á þessu ári. Allir sem tóku þátt í könnuninni svöruðu því til, að mjög mikilvægt væri að börnin væru virk í umhverfismennt.

Það sem stendur upp úr í svörum barnanna er mikilvægi þess að flokka rétt. Öll svöruðu því til að það væri flokkað heima hjá þeim. Þau voru einróma sammála um að ekki mætti henda rusli úti í náttúrunni, á göturnar og ef þau sæju rusl á götunum tækju þau það upp.

Næsta skólaár þarf að vinna betur með hvað verður um það sem við flokkum og hvernig hægt er að endurnýta betur. Fæst af börnunum vissu hvað umhverfisvernd er. Leggja þarf áherslu á að kenna þeim þau hugtök sem algeng eru þegar talað er um umhverfisvernd.

Umbótaþættir Umhverfismennt	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmuðum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Hvað verður um það sem við flokkum.	Að vinna markvisst með að auka skilning á hvað verður um það sem við flokkum og hvernig þau geta sjálf endurnýtt.	Nota endurnýtanlegan efnivið í leik og skapandi starfi. Samræður við börnin, skoða myndbönd af	September 2019- maí 2020	Ábyrgðaraðili er aðstoðarleikskólastjóri. Framkvæmdaradilar kennarar.	Starfsmanna könnun, skráningar úr vinnu með börnunum og spurningarlistar til foreldra.	Börnin skilji og geti útskýrt hvað gerist í endurvinnsluferli og hvað endurnýting þýðir.



Kennarar noti hugtök sem tengjast umhverfisvernd /mennt.		ferlinu. Heimsókn í Sopru.			Maí 2020	
	Leggja inn hugtök tengd umhverfismálum og útskýra þau.	Starfsmenn noti hugtökin í daglegum/skipulögðum stundum um umhverfismál.	September 2019- maí 2020.	Aðstoðarleikskólastjóri. Framkvæmdaraðilar kennarar.	Samtöl við börnin og skráningar úr vinnu með þeim.	Skilningur barnanna á hugtökunum hafi aukist og þau elstu hafi byrjað að tileinka sér þau.

4 Ytra mat

Ytra mat var gert á vegum Skóla og frístundasviðs á vorönn 2019. Um var að ræða starfsmanna-og foreldrakönnun. Helstu niðurstöður starfsmannakönnunar sýndu hækkun frá síðasta ári í eftirfarandi þáttum: Starfsánægju, áhuga og vellíðunar. Ánægjulegt var að sjá að starfsmenn upplifðu vinnuálag minna en áður. Gengið var út frá sex aðalþáttum sem eru: Stjórnun, starfsandi, ímynd, vinnuaðstaða, starfsánægja og upplýsingaflæði. Þessir þættir skila nánast fullu húsi hjá starfsmönnum og er það ánægjulegt að sjá. Niðurstöður sýna að starfsmenn séu ánægðir með stefnu leikskólans og upplifa að markvisst sé unnið að henni og markmiðum skólans. Starfsfólk þekkir stefnu skólans og er stolt af starfi sínu, sem birtist meðal annars í starfsánægju og góðum starfsanda. Starfsmenn sækja/fá símenntun til að auka fagþekkingu og styrkja sig í starfi. Við hefðum viljað hafa svarprósentu hærri meðal starfsmanna. Við munum halda áfram að vinna vel að lykil þáttunum og gera gott starf enn betra.

Flestir þættir í foreldrakönnuninni komu mjög vel út og heildar ánægja með leikskólann var 4,74. Þeir þættir sem helst þarf að skoða fyrir næsta skólaár eru: að foreldrar vilja meiri leiðbeiningu um heilsu og uppeldi barnanna og vilja taka meiri þátt í framförum þeirra. Einnig vilja foreldrar að leitað sé meira til þeirra eftir tillögum og hugmyndum.



5 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Í ár voru starfsþróunarsamtöl með öðru sniði en venjulega vegna óformlegra samtala sem einnig hafa átt sér stað yfir veturinn. Á vordögum var lagður spurningalisti fyrir starfsmenn á starfsmannafundi. Spurningarnar snérust um líðan, samskipti, starfsanda, hvað þarf að bæta og framtíðarmarkmið (eins og gert hefði verið í starfsþróunarsamtölunum). Niðurstaða þessara spurningalista var að almenn ánægja er í skólanum. Líðan starfsmanna, starfsandi og liðsheildin góð. Starfsmenn upplifa að þeim sé treyst fyrir verkefnum og fá að láta ljós sitt skína. Mannauðurinn er mikilvægur og fjölbreyttur og upplifa starfsmenn að þeir fái að rækta og nýta í starfi það sem þeir búa yfir.

- Námsferð til Toronto átján kennarar.
- Námskeið „Villulaust nám“ sérkennslustjóri og tveir sérkennarar.
- Látum draumana rætast – frá orðum til athafna aðstoðarleikskólastjóri.
- Ráðstefna „Sá er glaður sem er góður“ aðstoðarleikskólastjóri og tveir kennarar.
- Námskeið „Innra mat í leikskólum“ leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.
- Námskeið „Skyndihjálpi“ allir starfsmenn.
- Námskeið „Tras“ tveir kennarar.
- Námskeið „Windows 10“ allir starfsmenn.
- Námskeið „Íslensku kennsla fyrir erlenda starfsmenn“ þrjú kennarar.
- Námskeið „Kjarasamningar“ trúnaðarmaður Eflingar.
- Trúnaðarmannanámskeið Efling trúnaðarmaður Eflingar.
- Námskeið „Vináttuverkefni barnaheilla“ tveir kennarar.
- Fræðsla um „Látum draumana rætast“ leikskólastjóri og tveir kennarar.
- Námskeið „Skráningar GRR“ sérkennslustjóri og sérkennari.
- Námskeið „Lubbi“ sérkennslustjóri og einn kennari.
- Námskeið „WB – map“ sérkennari.
- Afmælisráðstefna ADHD samtakanna sérkennslustjóri og sérkennari.
- Námskeið „Therapy outline“ um listmeðferð sérkennslustjóri.
- Forystunám Reykjavíkurborgar leikskólastjóri.

6 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Góð samvinna er á milli skólastiganna og hefur hún eflst ár frá ári og er orðin fastur liður í starfi skólans. Endurmat fór fram í janúar og maí 2019. Í janúar ár hvert er haldinn fundur að tilstuðlan leikskólans. Þann fund sitja skólastjórnendur leik- og grunnskóla, forsvarsmenn ÍTR, talsmaður íþróttafélagsins Fram og foreldrar elstu barnanna í leikskólanum. Á þessum fundi gefst foreldrum tækifæri til að afla sér upplýsinga um starfsemi viðkomandi stofnana. Vel hefur verið látið af þessum fundum, hjá öllum sem að þeim komu. Starfsáætlun vetrarins milli skólastiganna er gerð að hausti.



7 Foreldrasamvinna

Í foreldraráði eru þrjú fulltrúar. Leikskólastjóri hefur verið í tölvupóstsamskiptum við fulltrúana sem og fundað þegar þörf er á. Foreldraráðið fær starfsáætlun og skólanámskrá leikskólans til yfirlstrar og gefur umsögn. Einnig koma þau að ákvarðanatöku um sumarlokun leikskólans og að fagstarfi skólans.

Foreldrasamtöl. Á hverju ári er eitt foreldrasamtal á tímabilinu febrúar/mars (foreldrar velja tíma) þar sem farið er yfir alhliða þroska og líðan barnsins. Foreldrar nýrra barna eru boðaðir í samtal áður en vistun hefst, án barns. Boðið er upp á fleiri samtöl ef foreldrar óska þess.

Foreldrafélag. Átta foreldrar eru í stjórn foreldrafélagsins ásamt fulltrúa starfsmanna. Stjórnin sér um ýmsar uppákomur svo sem sumarahátíð, jólaball, leiksýningar og fleira. Stjórnarfundir eru 5 til 6 á ári.

Einn foreldrafundur er fyrir skólaárið. Að þessu sinni er hann haldinn 8. október. Þar er farið yfir vetrarstarfið og nýja menntastefnu Reykjavíkurborgar. Foreldrum er gefinn kostur á að ræða um leikskólastarfið eða annað sem liggur þeim á hjarta. Deildarstjórar fara svo með sínum foreldrum inn á deild og kynna enn frekar deildarstarfið.

8 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Þetta árið eru fjórir skipulagsdagarnir að höfðu samráði við Háaleitisskóla. Dagarnir eru eftirfarandi: 10 október, 28 nóvember, 27 janúar, 13 mars, 24 apríl og 22 maí.

9 Fylgigögn

9.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning

Vísbending	Já eða nei/fjöldi	Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér.
Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum?	2	
Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum	2	
Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki)	5	
Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum?	4	Að sérkennslustjóra meðtöldum
Er til áætlun um málörvun í leikskólanum?	Já	Áætlun verður kynnt fyrir starfsmannahópnum haustið 2019



Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum?	Já	Áætlun verður kynnt fyrir starfsmannahópnum haustið 2019
Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk)	Já	
Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun?	Já	
Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning?	Já	
Eru regluleglulegir teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma?	Já	
Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra?	Já	
Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir?	Já	Ef já þá hvaða aðrar stofnanir: GRR og sjálfstætt starfandi talmeinafræðinga.
Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans?	Já	
Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna?	Já	



9.2 Fylgiskjal 2 – Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku

Vísbending	Já eða nei	Hvernig?/Með hvaða aðferðum?/Dæmi
Vinna með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi	Já	Þrískipt lestrarferli í samverustundum. myndrænar samskiptabækur milli heimilis og skóla hjá þeim börnum sem þurfa mikinn stuðning í nýju málumhverfi. Tvítyngd börn í tveimur elstu árgöngum fá 40 mínútna vinnustund daglega með sérkennslustjóra, þar sem unnið er með orðaforða, setningar, rím, stígbreytingu lo., nt. og þt. sagna og sögugerð og fleira sem tengist málörvun. Við skoðum saman liti og hvernig við teljum á íslensku og móðurmáli barnanna. Tvítyngd börn fá einstaklingsmiðaðar samverustundir þar sem skoðaðar eru myndabækur og orðaforði víkkaður út frá myndunum með tilliti til getu hvers barns.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforða)	Já	Sett eru orð á hluti og athafnir í nærumhverfi barnsins við allar aðstæður í leikskólanum.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna?	Já	Reynt að gera það í öllum aðstæðum. Barnið segir: Tisa og fullorðinn segir já mjúk kisa, eða stór kisa.
Er fylgst með framförum barnanna?	Já	TRAS á 6 mánaða fresti og AEPS ef einhver grunur er um þroskafrávik
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? <ul style="list-style-type: none"> • Orðaforði og málskilningur • Tjáning og frásögn • Hlustun og hljóðkerfisvitund • Ritmál • Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun 	Já	Setjum orð á hluti og athafnir. Dýpkum orðaforða barnanna eins og áður hefur verið sagt frá. Börnin segja frá ferðum, syngja og setja upp leikrit. Skiptast á að vera þjónar og bjóða hinum börnunum til borðs. Klappa atkvæði og ríma til þess að efla hljóðkerfisvitund. K-Pals fyrir börn í skólahóp. Ræðum um tilfinningar í tengslum við dygðirnar sem eru teknar fyrir hverju sinni í leikskólanum. Æfum börnin í að segja stopp ég vil ekki og



		jafnframt því að hlusta þegar aðrir segja stopp ég vil ekki. Undirbúningur fyrir ritun fer fram í hópastarfi þar sem grip um skriffæri er æft, ásamt því að teikna, fylla inn í form og gera línuverkefni.
--	--	--

Umbótaþættir Sérkennsla	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	
Hvað þarf að bæta? Skrá niður verkferla varðandi málörvun og snemmtæka íhlutun í leikskólanum	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	
	Að verkferlar séu skráðir og allir starfsmenn þekki þá	Skráum niður verkferlana	Maí 2019 og lokið fyrir 1. september 2019.	Sérkennslustjóri	Verkferlar verða lagðir fyrir starfsmanna hópinn á skipulagsdegi haustið 2019. Endurmat verður á skipulagsdegi janúar 2020	

10 Fylgiskjal 3 – umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

Anna H Ágústsdóttir
Leikskólastjóri

Dagsetning 26. júní 2019



Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð er mjög ánægt með hið metnaðarfulla starf, sem er unnið í leikskólanum Álftaborg. Leikskólinn hefur yfir að ráða góðu og hæfu starfsfólki sem vinnur verk sín vel, sem meðal annars sýnir sig í vellíðan barnanna í leikskólanum.

Starfsáætlun Álftaborgar 2019-2020 er metnaðarfull og nær yfir marga þætti. Faglegt starf á leikskólanum er gott og hefur til dæmis vinnan með verkefnið Bókaormurinn verið spennandi og skemmtilegt og styður vel við málþroska barnanna og læsi þeirra.

Í lífsleikni er unnið með dyggðir þar sem tekin eru fyrir hugtök eins og samkennd, hugrekki, glaðværð og virðingu sem hefur góð áhrif á samskipti barnanna og myndar mikilvægan grunn fyrir almenn samskipti. Í lífsleikninni er líka unnið með listsköpun, þar sem ferlið er í brennidepli en ekki endilega lokaafurðin. Leikskólinn leggur áherslu á mikilvægi lesturs, til dæmis með ferðum á bókasöfn, bókakistum fyrir börnin (bækur aðgengilegar öllum börnum), bókaorminum og með lestri fyrir börnin í samverustundum.

Foreldraráð er mjög ánægt með þessa vinnu. Varðandi samstarf leikskóla og foreldra tengt læsi: Þá finnst okkur gott að börn fái að koma með sína uppáhalds bók að heiman sem er lesin í samveru. Svo var mjög flott kynning inn á elstu deildinni þar sem K-PALS var kynnt fyrir þeim sem mættu á foreldrafundinn sem var haldinn í október sl.

Mikil ánægja er hjá foreldraráðinu með verkefni Barnaheilla „Vinátta“ sem er forvarnarverkefni gegn einelti, sem er unnið með á öllum deildum skólans.

Vinna með lönd mánaðarins vikkar sjóndeildarhring barnanna, gerir þau meðvituð um heiminn umhverfis okkur og ýtir undir fjölmenningslegan hugsunarhátt. Það er sérstaklega gaman að sjá að búið er að færa þetta samstarf foreldra og starfsmanna leikskólans og tengja við fjölmenningu.

Mikil og góð áhersla lögð á umhverfismennt og skapandi starfsmat og skráningu á starfi, skyndihjálpi og kynningu á barnavernd og barnahúsi. Síðastliðið skólaár bar með sér aukna áherslu á umhverfi og umhverfismennt orðin mjög sýnileg og þessi vitundarvakning skilar sér inn á heimili barnanna.

Foreldraráð er ánægt með að sjá námskeið sem styðja við starfsfólk í undirbúningi sem sinnir hópastarfi. Til dæmis námskeið þar sem notaðar eru aðferðir tónlistar og leiklistar til að efla hreyfingu og málþroska, námskeið til að efla útikennslu og vísindastarf. Við sjáum að mikið starf er hvað varðar danskennslu og jóga. Við erum virkilega ánægð að sjá að meiri áhersla verði lögð á ferlið í listsköpun og að starfsmenn vilji hjálpa þeim að læra að njóta í því ferli. Foreldraráð er ánægt með að sjá aukna hvatningu til listsköpunar á yngri deildum og hvernig mannauður leikskólans fær tækifæri til að nýta sína þekkingu inn í starfið.

Foreldraráðið telur að úrbætur mætti gera í að útbúa fleiri lokuð rými sem nota skal til kennslu og þjálfunar barna sem búa við fötlun að einhverjum toga. Vissulega tengist þetta jafnframt úrræðum Borgarinnar og Skóla- og frístundasvið.

Varðandi foreldrasamtal þá er alltaf eitt að vori en foreldraráð stakk upp á við leikskólastjóra fyrir ári síðan að öðrum væri bætt við að hausti, sá fundur yrði jafnframt valkvæður. Leikskólastjóri tók vel í þessa tillögu en af hugmyndinni hefur ekki orðið.

Varðandi verkefni þar sem skólinn og heimili vinna saman þá er deildarbangsaverkefnið þar sem bangsar fara með börnunum heim yfir helgi, alltaf jafn skemmtilegt.

Foreldraráð vill hrósa leikskólanum sérstaklega fyrir árlegan fund sem þau halda fyrir foreldra barna á elstu deildinni. Þar sem þau fá til sín lykilmál úr Háaleitisskóla og Álftabæ (frístund) og íþróttafélaginu Fram. Á þessum fundi fá foreldrar upplýsingar um starf sem unnið er á hverjum stað og tækifæri til að spyrja spurninga.

Upplýsingagjöf til foreldra er mjög góð en hún fer fram í gegnum vikulega pósta þar sem farið er yfir starf vikunnar, tilfallandi póstsendingar og samtöl við starfsmenn, bæði formleg og óformleg. Foreldraráðið fékk smá kynningu á kerfi sem heitir VALA í fyrra og foreldraráð hafði væntingar um að kerfið myndi taka við hlutverki sem facebook hafði áður en persónuverndarlögin komu til. Þ.e.a.s. hvernig facebook var notað sem vettvangur fyrir myndir af leikskólastarfinu. Foreldraráð kallar eftir úrbótum í þessum efnum hvort sem það verður í gegnum VALA (app), eða vefsíðu leikskólans með lokuðum aðgangi. Umfang þarf ekki að vera sambærilegt og áður en þetta er verkfæri til að veita foreldrum innsýn í starfið af og til. Myndirnar og myndböndin skapa góðan vettvang fyrir samtöl milli foreldra og barna um daginn og líðan, sem eflir bæði málþroska og tengingu milli skóla og heimilis. Starfsfólk leikskólans er öflugt við að finna spennandi verkefni útvið og fara í vettvangsferðir sem gaman er að fylgjast með og því kjörið að sinna vel myndrænni upplýsingagjöf.

Vefsíða leikskólans er ekki nógu virk. Foreldraráði langar einnig að benda á að inn á síðuna vantar mikilvægar upplýsingar, til dæmis hverjir sitja í foreldraráði og –félagi sem og að uppfæra upplýsingar um starfsfólk. Einnig finnst foreldraráðinu nauðsynlegt að þeir foreldrar sem ekki hafa íslensku að móðurmáli geti lesið nýtt efnið sem kemur inn á heimasíðu skólans, en það er ekki hægt eins og staðan er í dag. Foreldrar geta nálgast grunnupplýsingar frá Rvk borg á síðunni á 13 mismunandi tungumálum á heimasíðunni, en ekki þær fréttir sem viðkoma Álftaborg. Mögulega væri hægt að setja efnið einnig inn á ensku og pólsku til að ná til sem flestra.

Foreldraráð var mjög ánægt með matinn frá Matartímanum fyrir ári síðan, en svo virðist sem gæði matarins hafi dvínað og maturinn ekki eins vandaður og í byrjun. Einnig hefur starfsmannavelta í eldhúsi ekki farið framhjá foreldráði.

[Foreldraráð hefur fengið veður af verkefninu *Að láta draumana rætast* sem er finnskt og hefur þá sérstöðu að sama stefna er fyrir leik-, grunnskóla og frístund. Það gengur út á að styrkja sjálfmynd barnanna, trú á eigin getu og að áreynslulaust verði fyrir þau að koma fram. Að börnin geti staðið á sínu, sett sig í spor annarra og að virðing sé borin fyrir skoðunum annarra og umhverfi. Foreldraráð telur að unnið sé með flest ef ekki öll þessara atriða á leikskólanum Álftaborg en það verður engu að síður spennandi að fylgjast með verkefninu í náinni framtíð.](#)

Að lokum vill foreldraráð þakka fyrir skýra og góða starfs- og umbótaáætlun fyrir komandi vetur.

Með þökkum fyrir líðandi starfsár, bestu kveðjur,
Foreldraráð Álftaborgar [júní](#) 2019

Atli Björn Levy, Ólafur Gylfi Gylfason og Ylfa Jónsdóttir

Leikskóladagatal 2019 - 2020

Nafn skóla: **ÁLFTABORG**

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 S Fullveldisdagurinn	1 M Nýársdagur	1 L	1 S	1 M	1 F Verkalýðsdagurinn	1 M Annar í hvítasunnu	1 M
2 F	2 M	2 M	2 L	2 M Aðventustund	2 F	2 S	2 M Foreldraviðtöl Seljaland	2 F	2 L	2 Þ	2 F
3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 Þ Kaffi kósý	3 F	3 M	3 Þ	3 F Páskakanínan	3 S	3 M	3 F
4 S	4 M	4 F	4 M	4 M Kaffi kósý	4 L	4 Þ	4 M	4 L	4 M Rauður dagur	4 F	4 L
5 M Frídagur verslunarmanna	5 F	5 L	5 Þ	5 F Kaffi Kósý	5 S	5 M	5 F	5 S Pálmasunnudagur	5 Þ	5 F	5 S
6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 F Kaffi kósý	6 M Þrettándakaffi	6 F Dagur leikskólans	6 F	6 M	6 M	6 L	6 M
7 M	7 L	7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 S Sjómanna dagurinn	7 Þ
8 F Opnar eftir sumarfrí	8 S Dagur læsis	8 Þ Foreldrafundur	8 F Fjólubláur dagur gegn einelti	8 S	8 M	8 L	8 S	8 M Gulur dagur	8 F	8 M	8 M
9 F	9 M	9 M	9 L	9 M Aðventustund	9 F	9 S	9 M Foreldraviðtöl Merkisteinn	9 F Skírdagur	9 L	9 Þ Íþróttadagurinn	9 F
10 L	10 Þ	10 F Skipulagsdagur	10 S Feðradagurinn	10 Þ	10 F	10 M	10 Þ	10 F Föstudagurinn langi	10 S mæðradagurinn	10 M	10 F
11 S	11 M	11 F	11 M	11 M	11 L	11 Þ	11 M Blár dagur	11 L	11 M	11 F Sumarhátíð foreldrafélagsins	11 L
12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 F	12 S Páskadagur	12 Þ Opið hús	12 F	12 S
13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 F Jólabball og jolamatur	13 M	13 F Ömmu og afakaffi	13 F Skipulagsdagur	13 M Annar í páskum	13 M	13 L	13 M
14 M	14 L	14 M Bleikur dagur	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 L	14 Þ	14 F Útskriftaferð elstu barnanna	14 S	14 Þ
15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 L	15 S	15 M	15 F	15 M	15 M
16 F	16 M Dagur íslenskrar náttúru	16 M	16 L Dagur íslenskrar tungu	16 M Aðventustund	16 F	16 S	16 M Foreldraviðtöl Lækjarhvamr	16 F	16 L	16 Þ Skróðganga	16 F
17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 M	17 Þ	17 F	17 S	17 M Lýðveldisdagurinn	17 F
18 S	18 M	18 F	18 M	18 M	18 L	18 Þ	18 M	18 L	18 M	18 F	18 L
19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 S
20 Þ	20 F Hattadagur	20 S	20 M Dagur mannréttinda barna	20 F Náttfatadagur/ball	20 M	20 F	20 F	20 M	20 M	20 L Útskrift	20 M
21 M	21 L	21 M	21 F	21 L	21 Þ Hverfa foreldra elstu barna	21 F	21 L	21 Þ	21 F Uppstigningardagur	21 S	21 Þ
22 F	22 S	22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 L	22 S	22 M Blómaball	22 F Skipulagsdagur	22 M	22 M
23 F	23 M	23 M	23 L	23 M Þorláksmessa	23 F	23 S Konudagur	23 M Foreldraviðtöl Hlíðahvamr	23 F Sumardagurinn fyrsti	23 L	23 Þ	23 F
24 L	24 Þ	24 F	24 S	24 Þ Aðfangadagur jóla	24 F Bóndadagur/þorrlábiót	24 M Bolludagur	24 Þ	24 F skipulagsdagur	24 S	24 M	24 F
25 S	25 M	25 F Bangsaball	25 M	25 M Jóladagur	25 L	25 Þ Sprengidagur	25 M	25 L	25 M	25 F	25 L
26 M	26 F	26 L Fyrsti vetrardagur	26 Þ	26 F Annar í jólum	26 S	26 M Öskudagur	26 F	26 S	26 Þ	26 F	26 S
27 Þ	27 F	27 S Alþjóðlegi bangsadagurinn	27 M Vasaljósdagur	27 F	27 M skipulagsdagur	27 F	27 F	27 M	27 M	27 L	27 M
28 M	28 L	28 M	28 F Skipulagsdagur	28 L	28 Þ	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 Þ
29 F	29 S	29 Þ	29 F Jólaleikrit	29 S	29 M	29 L	29 S	29 M	29 F	29 M	29 M
30 F	30 M	30 M	30 L	30 M	30 F	30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 F	30 F
31 L		31 F		31 Þ Gamlársdagur	31 F		31 Þ		31 S Hvítasunnudagur		31 F